

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 9. maí 2011
1105011 IE


Efni: Umsögn um 729. mál, lþ. 139, starfsmannaleigur.

Með tölvubréfi dags. 18. apríl 2011, óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur, með síðari breytingum, 729. mál, þskj. 1253, lþ. 139.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem lúta að því að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA við tiltekin ákvæði laganna, m.a. um að í lögnum eins og þau eru núna felist hindrun á frjólsum þjónustuviðskiptum á grundvelli 36. gr. EES samningsins.

Jafnréttisstofa telur ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp, enda hafa breytingar eins og lagðar eru til í því nú þegar verið gerðar á öðrum lögum, þ.e. lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur